

Akraneskaupstaður
Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri
Stíllholti 16-18
300 Akranesi

Reykjavík, 21. ágúst 2017

Efni: Álagning fasteignaskatts

Þann 15. nóvember 2016 sendi Félag atvinnurekenda (FA) Akraneskaupstað beiðni um rökstuðning fyrir beitingu heimildar laga nr. 4/1995 til að leggja álag á fasteignaskatt fyrirtækja sem staðsett eru innan sveitarfélagsins.

Svar sveitarfélagsins barst með bréfi dags. 7. febrúar 2017 en þar kom fram að samanburður fasteignagjalda sveitarfélagsins og annarra tilgreindra sveitarfélaga hefði ekki gefið bæjarfulltrúum tilefni til að lækka álagningarprósentuna vegna atvinnuhúsnæðis undanfarin ár en umræðan yrði tekin á ný við gerð fjárhagsáætlunar 2018.

Í svarbréfi sveitarfélagsins var ekki að finna efnislegan rökstuðning fyrir nauðsyn þess að beita umræddri álagsheimild. Þar var heldur ekki að finna vísun til neinna kostnaðarútreikninga, sem sýndu fram á nauðsyn þess að beita álaginu á fasteignagjöld fyrirtækja sökum kostnaðar við að veita þeim þjónustu.

Í ljósi þess að nú fer að líða að gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir næsta ár ítrekar FA áskorun stjórnar félagsins frá 8. júní 2017 en þar sagði m.a.¹:

„Stjórn Félags atvinnurekenda hvetur sveitarfélög eindregið til að endurskoða álagningarprósentu fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði, til mótvægis við gífurlegar hækkanir á fasteignamati. Að óbreyttu fela þær hækkanir í sér að skattbyrði fyrirtækja þyngist um milljarða króna.“

Þar kom jafnframt fram að fasteignagjald er í eðli sínu afar óheppileg skattheimta á fyrirtæki enda leggst skatturinn á eigið fé þeirra óháð afkomu. Hækkanir á fasteignaverði og þar með fasteignamati hafa ekkert um afkomu flestra fyrirtækja að segja en stuðla að aukinni skattbyrði þeirra. Áskorun sama efnis var send sveitarfélögum fyrir rúmu ári eða þann 14. júní 2016.²

Samkvæmt tölum í Árbók sveitarfélaga sem finna má á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga nam álagður fasteignaskattur á fyrirtæki í Akranesbæ 157.871.000 kr. árið 2013. Árið 2016 nam álagður skattur 183.339.000 króna. Á þremur árum hækkaði fasteignaskattur fyrirtækja um 25.468.000 krónur eða 16%. Það gefur auga leið að slík hækkun er gríðarlega íþyngjandi


¹ Frétt á vef Félags atvinnurekenda 8. júní 2017: <http://www.atvinnurekendur.is/frettir/stefnir-malshofdun-vegna-fasteignagjalda/>

² Frétt á vef Félags atvinnurekenda 14. júní 2016: <http://www.atvinnurekendur.is/frettir/sveitarfelog-laekki-skatthlutfall-a-atvinnuhusnaedi/>

fyrir fyrirtæki. Því er brýnt að sveitarfélagið bregðist við hinum miklu hækkunum á fasteignamati og afleiðingum þess á innheimtu fasteignagjalda og taki mið af þessum veruleika við vinnu sína við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2018.

Virðingarfyllst,


Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri FA


Inga Skarphéðinsdóttir lögfræðingur FA